

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2013-Þingskjal 372-305. mál (kerfisáætlun)

Með bréfi þessu sendir Norðurál ehf. fyrir hönd dóttufélaga sinna Norðurál Grundartangi ehf. og Norðurál Helguvík ehf. (**Norðurál**) umsögn við framangreint frumvarp um breytingu á raforkulögum vegna kerfisáætlunar.

Í frumvarpinu er lagt til að við núverandi 9. gr. raforkulaga bætist við fjórar nýjar greinar um kerfisáætlun.

Í ákvæði 9. gr. a frumvarpsins er kveðið á um að flutningsfyrirtæki raforku skuli árlega leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun sem í felst annars vegar langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun. Í greininni kemur meðal annars fram að byggja skuli kerfisáætlun á raunhæfum sviðsmyndum um þróun raforkuframleiðslu, raforkunotkunar, og markaðsþróunar raforkuflutnings til annarra landa eftir því sem við á.

Í 4. mgr. 9. gr. a segir að nánari útfærsla mannvirkja vegna uppbyggingar flutningskerfisins, svo sem hvort um er að ræða raflínu í jörð eða loftlínu, ræðst af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Í 5. mgr. 9. gr. a er síðan kveðið á um að flutningsfyrirtæki sé skylt að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög sem hagsmuna eiga að gæta. Drög að kerfisáætlun skal senda til þessara aðila til til umsagnar og ber þeim að senda athugasemdir innan sex vikna.

Síðar í sömu málsgrein segir að flutningsfyrirtækið skuli enn fremur hafa samráð við alla aðra hagsmunaaðila og skal nánar kveðið á um samráðsferlið í reglugerð. Að lokum segir að kerfisáætlun skuli fylgja greinargerð um athugasemdir sem bárust á kynningartíma og svör flutningsfyrirtækis og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun.

Norðurál gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreint ákvæði frumvarpið:

- a) **Samráð við notendur:** Norðurál telur að ákvæði um samráð við hagsmunaaðila gangi allt of skammt í frumvarpstextanum. Mikilvægt er að kveðið sé á um í ákvæði laganna um skyldu flutningsfyrirtækisins til þess að hafa samráð við notendur og þá einkum stórnotendur við gerð kerfisáætlunar. Hér verður sérstaklega að hafa í huga að kostnaður við raforkuflutningskerfið er á endanum borin af notendum og þá fyrst og fremst stórnotendum eins og Norðuráli.
- b) **Kveðið á um samráð í reglugerð:** Norðurál gerir til viðbótar athugasemd við þann hluta frumvarpsins þar sem segir að samráð við hagsmunaaðila skuli útfært


með reglugerð. Norðurál telur að slæm reynsla sé af slíku fyrirkomulagi með vísan til þeirrar framkvæmdar sem verið hefur á framkvæmd 12. gr. raforkulaganna varðandi tekjumörk og gjaldskrá flutningafyrirtækis. Um það hefur verið kveðið á um í reglugerð 550/2012 sem að mati Norðuráls hefur alls hvorki reynst sem skyldi né tryggt það samráð við stórnotendur sem nauðsyn stendur til. Norðurál telur því að í lagatextanum sjálfum verði að kveða á um samráð sem og að skylt sé að viðhafa það en stjórnvöldum verði ekki framselt slíkt vald.

- c) **Kostnaðaráætlun og kostnaðarmat:** Norðurál gerir athugasemd við það að í frumvarpinu er ekki kveðið á um það skýrlega að flutningsfyrirtæki beri við gerð kerfisáætlunar að gera ítarlega kostnaðaráætlun og kostnaðarmat sem borið skal undir notendur. Verður að telja að framangreint sé grundvallaratriði við gerð slíkrar kerfisáætlunar og því nauðsynlegt að skýra ákvæði frumvarpsins með þeim hætti að þetta sé sagt berum orðum í frumvarpstextanum.
- d) **Útfærsla kerfisáætlunar:** Norðurál gerir enn fremur athugasemdir að í frumvarpinu virðist að meginstöfum gert ráð fyrir samráði þegar drög kerfisáætlunar liggja fyrir. Norðurál telur að breyta eigi frumvarpstextanum á þá leið að flutningsfyrirtækinu beri að hafa samráð við notendur þegar kerfisáætlun er útfærð á fyrri stigum, en ekki aðeins þegar drög hennar liggja fyrir. Telja verður að slíkt fyrirkomulag tryggi með virkari hætti að samráð eigi sér stað heldur en að það sé gert á síðari stigum.
- e) **Skortur á hagsmunamati:** Norðurál telur að lokum að í ákvæði um kerfisáætlun vanti skyldu til þess að hagsmunamat fari fram varðandi gerð kerfisáætlunar. Vantar fyrst og fremst ákvæði í frumvarpstextann um að hagsmunir notenda og kostnaður sem af áætlun leiðir skuli hafi verulegt vægi við mat á útfærslu og gerð kerfisáætlunar.

Það er mat Norðuráls að frumvarpið í núverandi mynd taki engan veginn nægilegt tillit til hagsmuna notenda og þá einkum stórnotanda sem greiða meginhluta þess kostnaðar sem af raforkuflutningskerfinu leiðir.

Hefur hér að framan verið gerð grein fyrir helstu annmörkum núverandi draga, sem og að rétt og nauðsynlegt sé að við meðferð málsins á Alþingi að tekið sé fullt tillit til þessara athugasemda og ákvæðum frumvarpsins breytt til samræmis.

Fyrir hönd Norðuráls



Ragnar Guðmundsson

forstjóri